

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2024

Isavia ohf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 1.1 - 30.6 2024

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-16

Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvalla ehf. og Friðhafnarinnar ehf. Isavia ANS ehf. á svo dótturfélögin Tern Systems ehf. og Suluk ApS. Auk þess á Tern Systems ehf. dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga sem hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2024

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 23.261 milljón króna (1.1-30.6 2023: 20.085 milljónum króna). Hagnaður tímabilsins nam 455 milljónum króna (1.1-30.6 2023: tap nam 221 milljón króna). Jákvæður gengismunur nam 490 milljónum króna (1.1-30.6 2023: jákvæður um 742 milljónir króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam á tímabilinu 12.446 milljónum króna (1.1 - 30.6 2023: 11.313 milljónum króna). Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu var 1.383 (1.1 - 30.6 2023: 1.319).

Þann 30. júní 2024 námu heildareignir félagsins 114.884 milljónum króna (31.12.2023: 112.101 milljón króna). Eigið fé 30. júní 2024 nam 44.518 milljónum króna (31.12.2023: 44.064 milljónum króna) og eiginfjárlutfall félagsins var 38,7% þann 30. júní 2024 (31.12.2023: 39,3%).

Vakin er athygli á niðurfærslu viðskiptakrafna sem inniheldur niðurfærslu vegna falls Wow air frá árinu 2019. Vísað er í skýringu 11 í samstæðuárshlutareikningnum vegna stöðu málaferla tengt þeirri niðurfærslu.

Farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fjölgaði um rúmlega 9,5% á tímabilinu janúar til júní 2024 samanborið við sama tímabil á árinu 2023 og var það 1,8% undir áætlunum félagsins. Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll var um 3,7 milljónir á tímabilinu janúar til júní 2024 samanborið við 3,4 milljónir farþega fyrir sama tímabil á árinu 2023. Vöxturinn á þessu tímabili hefur að stærstu leytir verið drifinn áfram af tengifarþegum en þeim fjölgaði úr 843 þúsund farþegum í 1.135 þúsund farþega eða um 7%. Farþegum til og frá landinu fjölgaði hins vegar á sama tíma um 1% eða úr 2.515 þúsund í 2.541 þúsund farþega. Útboð á rekstri Friðhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli hófst á fyrri hluta ársins og er niðurstöðu þess ferlis að vænta fyrir lok árs.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé þann 30. júní 2024 nam 24.559 milljónum króna (31.12.2023: 24.559 milljónum króna). Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu þann 30. júní 2024 eins og í árslok 2023.

Framtíðarhorfur

Framtíðarhorfur félagsins eru stöðugar og gerir núverandi farþegaspá félagsins fyrir árið 2024 ráð fyrir að farþegar ársins verði í kringum 6% fleiri en árið 2023. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir áframhaldandi farþegavexti þó hlutfallslegur árlegur vöxtur sé kominn í jafnvægi eða í kringum 4-5% á næstu árum. Á Keflavíkurflugvelli hefur verið lögð mikil áhersla á að bæta innviði flugvallarins til að takast á við fjölgun ferðamanna til að mynda með stækkun flugstöðvarinnar, bættu farþegarými og aukinni sjálfvirkni í farþegaferlum. Þetta hefur gert Keflavíkurflugvelli kleift að sinna sívaxandi farþegafjölda.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Isavia ohf. er samstæðuárshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og forstjóra að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2024 og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta, samkvæmt þeirra bestu vitund, að samstæðuárshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2024.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa yfirfarið og samþykkt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 16. september 2024

Í stjórn



Kristján Þór Júlíusson


stjórnarformaður



Hólmfríður Arnadóttir



Jón Steindór Valdimarsson




Hrólfur Ólvisson



Tómas Ellert Tómasson

Forstjóri



Sveinbjörn Indriðason

Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. (hér eftir árshlutareikningur) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í þeirri ályktun um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 16. september 2024


Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 1.1 - 30.6 2024

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Rekstrartekjur	4	23.261.205	20.084.631
Kostnaðarverð seldra vara		(3.566.474)	(3.480.764)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(12.445.548)	(11.313.090)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(477.945)	(365.125)
Annar rekstrarkostnaður		(3.557.981)	(3.148.857)
		<u>(20.047.947)</u>	<u>(18.307.836)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		3.213.258	1.776.795
Afskriftir	7,8,9	(2.271.069)	(1.946.086)
Rekstrarhagnaður (-tap)		<u>942.189</u>	<u>(169.291)</u>
Fjármunatekjur	6	521.457	325.630
Fjármagnsgjöld	6	(1.417.543)	(1.163.103)
Gengismunur	6	489.564	742.208
Hagnaður (tap) fyrir skatta		<u>535.667</u>	<u>(264.556)</u>
Tekjuskattur		(80.868)	43.959
Hagnaður (tap) og önnur heildarafkoma tímabilsins		<u><u>454.799</u></u>	<u><u>(220.597)</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.6 2024	31.12 2023
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	90.547.106	84.111.674
Óefnislegar eignir	8	3.672.128	3.787.878
Nýtingarréttur	9	542.587	277.088
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	5.000
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		989.830	1.002.225
Reiknuð skattinneign	14	692.134	771.731
		96.448.784	89.955.597
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		887.568	722.765
Viðskiptakröfur	11	4.072.268	3.417.784
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og langtímakrafna		501.280	500.269
Aðrar skammtímakröfur	11	3.055.021	1.990.323
Handbært fé		9.919.152	15.513.769
		18.435.288	22.144.910
Eignir		114.884.072	112.100.506
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	24.559.063	24.559.063
Lögbundinn varasjóður		2.774.177	2.629.177
Sérstakur endurmatsreikningur		36.403	37.065
Óráðstafað eigið fé		17.148.679	16.838.913
		44.518.322	44.064.218
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	13	54.608.046	55.928.043
Leigusamningar	9	441.450	162.014
		55.049.497	56.090.056
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	8.111.459	6.391.894
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	1.418.432	1.232.193
Næsta árs afborganir leigusamninga	9	116.239	128.608
Ógreiddir reiknaðir skattar	14	174	2.821
Aðrar skammtímaskuldir	15	5.669.950	4.190.716
		15.316.254	11.946.232
Skuldir		70.365.750	68.036.288
Eigið fé og skuldir		114.884.072	112.100.506

Yfirlit um eigið fé 1.1 - 30.6 2024

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023	24.559.063	2.483.798	38.389	14.880.906	41.962.156
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(86)	(86)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	(220.597)	(220.597)
Eigið fé 30. júní 2023	24.559.063	2.483.798	37.727	14.660.884	41.741.473
Eigið fé 1. janúar 2024	24.559.063	2.629.177	37.065	16.838.913	44.064.218
Lagt í lögbundinn varasjóð	0	145.000	0	(145.000)	0
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(695)	(695)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	454.799	454.799
Eigið fé 30. júní 2024	24.559.063	2.774.177	36.403	17.148.679	44.518.322

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.6 2024

		Samstæða	
	Skýr.	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap)		942.189	(169.291)
Afskriftir	7,8,9	2.271.069	1.946.086
Reikningshaldsleg afskrift skammtímakrafna		51.659	13.028
Tap af sölu rekstrarfjármuna		(1.722)	(401)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		3.263.195	1.789.422
Vörubirgðir (hækkun)		(159.913)	(343.614)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(1.093.772)	(810.076)
Rekstrartengdar skuldir hækkun		2.990.372	2.058.103
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		4.999.882	2.693.836
Innborgaðir vextir		53.490	15.737
Greiddir vextir og gengismunur		(1.418.226)	(1.047.914)
Handbært fé frá rekstri		3.635.147	1.661.658
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunun og óefnislegum eignum	7,8	(8.525.086)	(8.196.737)
Afborganir skuldabréfacignar og langtímakrafna		14.394	390.657
Fjárfestingahreyfingar		(8.510.693)	(7.806.080)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	13	0	9.035.000
Afborganir langtímaskulda	13	(612.740)	(2.226.567)
Afborganir leigusamninga		(62.139)	(56.861)
Fjármögnunarhreyfingar		(674.880)	6.751.573
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(5.550.426)	607.151
Handbært fé í upphafi tímabils		15.513.769	9.494.864
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(44.191)	(81.637)
Handbært fé í lok tímabilsins		9.919.152	10.020.378

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samtæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samtæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Frihöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samtæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem það á við. Samandregni árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Samandreginn árshlutareikningur samtæðu Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samtæðunnar fyrir árið 2023.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2023. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hægt er að nálgast ársreikning fyrir árið 2023 hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 7, 8 og 11.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Tekjur Flugleiðsögu.....	4.233.581	3.804.501
Tekjur Innanlandskerfis.....	1.844.957	1.565.369
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	9.945.869	7.672.455
Aðrar tekjur.....	323.180	252.128
Tekjur af vörusölu.....	6.913.619	6.790.178
	<u>23.261.205</u>	<u>20.084.631</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Laun	9.646.345	8.747.194
Launatengd gjöld	2.283.911	2.121.903
Annar launa- og starfsmannakostnaður	<u>515.292</u>	<u>443.993</u>
	<u>12.445.548</u>	<u>11.313.090</u>

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Vaxtatekjur af bankareikningum	464.665	276.944
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	3.010	3.649
Vaxtatekjur af Joint Finance samningi	46.788	37.287
Aðrar vaxtatekjur	6.994	7.750
	<u>521.457</u>	<u>325.630</u>

Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.349.413)	(1.091.595)
Önnur vaxtagjöld	(68.130)	(71.508)
	<u>(1.417.543)</u>	<u>(1.163.103)</u>

Gengismunur

	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Gengismunur	489.564	742.208

7. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	57.714.876	28.970.864	3.124.895	21.757.156	111.567.791
Eignfært á tímabilinu	4.622.199	2.110.592	81.301	1.667.734	8.481.827
Aflagt á tímabilinu	(69.061)	0	(57.967)	(593.605)	(720.633)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(28.297)	(28.297)
Staða í lok tímabils	<u>62.268.014</u>	<u>31.081.456</u>	<u>3.148.229</u>	<u>22.802.988</u>	<u>119.300.687</u>
Afskriftir					
Staða í upphafi tímabils	11.758.302	5.695.422	2.071.567	7.930.825	27.456.117
Afskriftir tímabilsins	609.553	595.705	124.026	710.583	2.039.867
Aflagt á tímabilinu	(69.061)	0	(57.967)	(593.605)	(720.633)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(21.769)	(21.769)
Staða í lok tímabils	<u>12.298.794</u>	<u>6.291.127</u>	<u>2.137.626</u>	<u>8.026.034</u>	<u>28.753.582</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð í upphafi tímabils	45.956.573	23.275.442	1.053.328	13.826.331	84.111.674
Bókfært verð í lok tímabils	<u>49.969.220</u>	<u>24.790.329</u>	<u>1.010.603</u>	<u>14.776.954</u>	<u>90.547.106</u>
Áætlaður nýtingartími	0-100 ár	5-50 ár	3-20 ár	3-70 ár	

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 var eignfært vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga samstæðunnar fyrir um 8.482 milljónir króna (1.1-30.6 2023: 8.157 milljónir króna). Þar af námu framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli um 7.983 milljónum króna (1.1-30.6 2023: 7.795 milljónum króna). Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir hjá Isavia ohf. vegna stækkunar flugstöðvar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 30. júní 2024 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags að fjárhæð um 12.123 milljónir króna (31.12.2023: 12.873 milljónum króna) hjá Isavia ohf. sem eru tilkomnar vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru á Keflavíkurflugvelli til 30. júní 2025.

Afskriftir greiningar:

	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. hér að framan	2.039.867	1.721.448
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 8	167.176	166.161
Afskriftir nýtingarréttis sbr. skýringu 9	64.026	58.476
	<u>2.271.069</u>	<u>1.946.086</u>

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.311.836	7.494.871
Eignfært á tímabilinu	0	0	51.426	51.426
Aflagt á tímabilinu	0	0	(20.990)	(20.990)
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	1.342.272	7.525.307
Afskriftir				
Staða í upphafi tímabils	238.550	2.853.385	615.058	3.706.993
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	64.139	167.176
Aflagt á tímabilinu	0	0	(20.990)	(20.990)
Staða í lok tímabils	246.499	2.948.472	658.208	3.853.179
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi tímabils	238.485	2.852.615	696.778	3.787.878
Bókfært verð í lok tímabils	230.536	2.757.528	684.064	3.672.128
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	5-33%	

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf., og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára, frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

9. Leigusamningar

Samstæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er 5 til 6 ár auk eins ótímabundins samnings. Stærsti leigusamningur samstæðunnar, að undanskildum ótímabundnum samningi, er vegna skrifstofuhúsnæðis sem rennur út í árslok 2025. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma af beggja hálfu. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 44 til 48 ár.

Tölur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

Nýtingarréttur	Fasteignir og lóðir	
Staða í upphafi tímabils	277.088	
Verðbætur af leiguskuldbindingu	15.182	
Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga	314.342	
Afskriftir tímabilsins	(64.026)	
Staða í lok tímabils	542.587	
Upphæðir færðar í rekstrarreikning	1.1 - 30.6 2024	1.1 - 30.6 2023
Afskriftir af nýtingarrétti	64.026	58.476
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	10.985	7.379
Samtals gjaldfært á tímabilinu	75.011	65.855
Leiguskuldbinding	30.6 2024	31.12 2023
Leiguskuldir, langtímahluti	441.450	162.014
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	116.239	128.608
	557.690	290.621
Leiguskuldbinding	30.6 2024	31.12 2023
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur		
Innan árs	118.841	139.291
Eftir ár en innan 5 ára	345.877	126.659
5 ár og síðar	84.680	87.982
	549.398	353.932

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Dótturfélög Isavia ohf.			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélög Isavia ANS ehf.			
Suluk ApS - Grænlandi	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.6 2024	31.12 2023
Innlendar viðskiptakröfur	5.211.828	5.147.913
Erlendar viðskiptakröfur	1.258.345	578.570
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.397.905)	(2.308.698)
	4.072.268	3.417.784

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í lok tímabilsins í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að viðskiptamaður sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir Héraðsdómi Reykjaness sem hnekkti stöðvuninni. Vegna þessa úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa gjaldakröfu að fjárhæð 2.120 milljónir króna niður í bókum félagsins þrátt fyrir þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða.

Isavia höfðaði skaðabótamál gegn eiganda loftfarsins og Ríkissjóði vegna tjóns sem af innsetningargerðinni hlaut. Með dómi Héraðsdóms frá 22. desember 2021 (Mál E-1085/2020) var fallist á allar kröfur Isavia auk greiðslu málskostnaðar. Með dómi Landsréttar 12. maí 2023 var kröfum Isavia hafnað.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 34/2023 dags. 6. maí 2024 voru ALC og íslenska ríkið sýknuð af kröfum Isavia. Auk þess sem Isavia var dæmt til að greiða málskostnað og að auki dæmt skaðabótaskyld vegna tjóns sem hlaut af kyrrsetningu loftfarsins frá 6. maí 2019 til 18. júlí 2019. Viðræður um uppgjör vegna þessa standa nú yfir.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum innlendra og erlendra viðskiptakrafna.

30.6 2024				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,3%	2.838.638	7.833	2.830.804
1-90 daga	4,5%	1.010.711	45.206	965.505
91-180 daga	13,9%	96.982	13.469	83.512
181-270 daga	21,3%	107.204	22.804	84.400
>271 daga	95,5%	2.416.639	2.308.593	108.047
Samtals		6.470.174	2.397.905	4.072.268

31.12 2023				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,1%	2.519.416	2.425	2.516.991
1-90 daga	3,1%	746.998	23.467	723.531
91-180 daga	10,0%	67.337	6.734	60.604
181-270 daga	44,3%	47.904	21.207	26.697
>271 daga	96,2%	2.344.827	2.254.865	89.962
Samtals		5.726.482	2.308.698	3.417.784

Aðrar skammtímakröfur

	30.6 2024	31.12 2023
Virðisaukaskattur	1.329.212	838.283
Fyrirframgreiddur kostnaður	176.009	241.857
Fjármagnstekjuskattur	296.272	191.994
Óinnheimtir vextir	360.784	0
Fyrirframgreidd laun	0	26.799
Aðrar kröfur	892.744	691.390
	3.055.021	1.990.323

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	24.559.063	100,0%	24.559.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

Skýringar

13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2024	31.12 2023
Skuldir í EUR	51.043.881	52.039.016
Skuldir í ISK	4.982.597	5.121.220
	56.026.478	57.160.236
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.418.432)	(1.232.193)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins / ársins	54.608.046	55.928.043
	30.6 2024	31.12 2023
Staða í upphafi tímabils	57.160.236	44.130.665
Ný lán á tímabilinu	0	34.182.500
Afborganir tímabilsins	(612.740)	(21.246.270)
Gengismunur og verðbætur	(521.017)	93.342
Staða í lok tímabilsins / ársins	56.026.478	57.160.236
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2024	31.12 2023
Afborganir 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024	1.418.432	1.232.193
Afborganir 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	1.613.718	1.623.555
Afborganir 1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	1.617.035	1.626.680
Afborganir 1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	2.297.338	1.629.964
Afborganir 1.7.2028 - 30.6.2029 / 1.1.2028 - 31.12.2028	5.366.996	5.522.288
Afborganir síðar	43.712.958	45.525.556
	56.026.478	57.160.236

Lán að fjárhæð 55.138 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár og skuldahlutfall. Til viðbótar við frjálst sjóðsflæði félagsins hefur Isavia ohf. aðgang að lánalínum að fjárhæð 6 milljörðum króna til fjármögnunar framkvæmda. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ný langtímalán verði tekin á árinu 2025 og þau nýtt til endurgreiðslu á lánalínum og til fjármögnunar áframhaldandi framkvæmda.

14. Reiknuð skattinneign

	Tekjuskattsinneign	
	30.6 2024	31.12 2023
Staða í upphafi tímabilsins	(771.732)	(1.370.781)
Reiknaður tekjuskattur	80.868	602.863
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(174)	(2.821)
Þýðingarmunur	(1.096)	(992)
Staða í lok tímabilsins	(692.134)	(771.732)

Reiknuð skattinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	30.6 2024	31.12 2023
Rekstrarfjármunir	1.951.236	1.952.801
Veltufjáreignir	(497.952)	(458.206)
Frestaður gengismunur	81.237	14.151
Aðrir liðir	17.870	(33.608)
Áhrif af yfirferanlegu skattalegu tapi	(2.244.523)	(2.246.870)
	(692.134)	(771.732)

Skýringar

14. Reiknuð skattinneign (framhald)

Yfirferanlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	30.6 2024	31.12 2023
Nýtanlegt til ársins 2030	5.530.501	6.159.439
Nýtanlegt til ársins 2031	4.339.935	4.339.935
Nýtanlegt til ársins 2032	385.532	385.532
Nýtanlegt til ársins 2033	349.443	349.443
Nýtanlegt til ársins 2034	82.795	0
	<u>10.688.206</u>	<u>11.234.349</u>

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.6 2024	31.12 2023
Innlendar viðskiptaskuldir	4.019.386	2.757.926
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	604.373	253.105
Erlendar viðskiptaskuldir	839.777	756.814
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	<u>2.647.924</u>	<u>2.624.048</u>
	<u>8.111.459</u>	<u>6.391.894</u>

Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar tilheyra Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. og eru tilkomnar vegna framkvæmdahluta þjónustusamnings þess við Innviðaráðuneytið. Greiðslur vegna framkvæmdahluta sem þegar hafa borist í lok þessa tímabils mynda þessa skuld þar sem greiðslum þessum hefur ekki verið ráðstafað að fullu. Meðal handbærs fjár er inneign sem er tilkomin vegna þessara greiðslna.

Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins er tilkomin vegna endurheimt kostnaðar vegna flugleiðsöguþjónustu í Norður Atlantshafi. Flugumferð í flugstjórnarsvæði Íslands hefur verið meiri en áætlað hafði verið sem leiðir til þess að meira innheimtist af notendagjöldum en sem nemur kostnaði við þjónustuna. Ákvæði samningsins eru að ef innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna eru meiri þá myndast skuld vegna tímabilsins.

Aðrar skammtímaskuldir

	30.6 2024	31.12 2023
Virðisaukaskattur	31.877	34.151
Laun og launatengd gjöld	2.079.849	827.252
Launaskuldbindingar	2.656.951	2.171.579
Áfallnir vextir	609.336	621.939
Fyrirframinnheimtar tekjur	164.905	155.960
Aðrar skuldir	127.033	309.422
Óloknir verksamningar	0	70.413
	<u>5.669.950</u>	<u>4.190.716</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6 2024	31.12 2023
Skuldir við lánastofnanir	1.418.432	1.232.193
	<u>1.418.432</u>	<u>1.232.193</u>

16. Önnur mál

Dómsmál

Þrotabú Air Berlin stefndi félaginu í Þýskalandi vegna stöðvunar loftfars Air Berlin hér á landi árið 2017. Málið tapaðist í Þýskalandi og var Isavia dæmt til að greiða þrotabúinu EUR 795 þúsund (ISK 118 milljónir). Þrotabúið kyrrsetti greiðslu tveggja flugfélaga í Þýskalandi fyrir þessari fjárhæð. Í framhaldinu kyrrsetti Isavia loftfar til tryggingar á greiðslu þessara gjalda hér á landi og er nú mál rekið fyrir Landsrétti til staðfestingar á tryggingagreiðslunni.

Í skýringu númer 11 er að finna upplýsingar um skaðabótamál sem félagið rak gegn eiganda loftsfars Wow air og Ríkissjóði.

Ágreiningur vegna starfsloka nokkurra starfsmanna er rekinn fyrir héraðsdómi. Icelandair hefur höfðað mál á hendur Isavia ohf. og Isavia ANS ehf. til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna verkfallsaðgerða Félags íslenskra flugumferðarstjóra á Keflavíkurflugvelli í desember 2023 og er málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Auk þess eru nokkur dómsmál í gangi sem óvissa er um hvort og þá hvernig þau mál nái fram að ganga.

17. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á samstæðuárshlutareikningnum.

18. Samþykki samstæðuárshlutareiknings

Samandregni samstæðuárshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 16. september 2024.